



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 2. febrúar 2022

2201049SA KB  
Málalykill: 00.63

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir nr. 82/2008, 181. mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 20. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, 181. mál.

Með frumvarpinu er lagt til að skerpt verði á hugtökum á sviði almannavarna til að skilgreina betur hvenær valdheimildir samkvæmt lögnum virkjast og að hlutverk lögreglustjóra í héraði við gerð viðbragðsáætlana og áhættumata verði skýrt betur. Einnig er lagt til að rannsóknarnefnd almannavarna verði lögð niður og í hennar stað komi þrepaskipt kerfi við rýni á aðgerðir viðbragðsaðila. Þá er gert ráð fyrir að bráðabirgðaákvæði um borgaralega skyldu starfsmanna opinberra aðila verði fært varanlega inn í lögina.

#### **Borgaraleg skylda starfsmanna opinberra aðila**

Eins og fram hefur komið er með frumvarpinu lagt til að efni bráðabirgðaákvæðis II um borgaralega skyldu opinberra starfsmanna, sem upphaflega var bætt við lögina með lögum 27/2020, verði varanleg heimild. Tiltekið er í greinargerð að góð reynsla hafi verið af beitingu þess við allar þær skipulagsbreytingar sem opinberir aðilar hafa þurft að gera vegna samkomubanns, 2 metra reglu og margs konar annarra takmarkana til að bregðast við kórónuveirufaraldrinum. Heimildin rann út þann 1. janúar sl. sem hefur gert sveitarfélögum erfiðara að halda uppi þjónustu þar sem Covid-19 er enn að valda mikilli röskun í samfélaginu.

Umrætt bráðabirgðaákvæði gerði sveitarfélögum kleift að halda úti nauðsynlegri velferðarþjónustu ásamt því að tryggja opnun leik- og grunnskóla á tímum heimsfaraldurs. Sem dæmi nýttu sveitarfélög starfskrafta starfsfólks íþróttamiðstöðva og sundlauga, er voru tímabundið lokaðar, til að halda úti nauðsynlegri þjónustu eins og sólarhringsopnun á húsnæði fyrir heimilisláusa og útkeyrslu á mat fyrir eldra fólk. Í skólamállum tryggði ákvæðið að einfaldara var að breyta starfsemi leik- og grunnskóla með skömmum fyrirvara, allt eftir því hvaða takmarkanir voru í gildi hverju sinni. Sambandið styður því heilshugar að umrædd heimild verði lögfest með varanlegum hætti.

#### **Að lokum**

Sambandið styður aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu og telur sérstaklega til bóta að skilgreining á orðinu hættustund sé færð inn í lögina þar sem ákveðnar valdheimildir laganna virkjast á hættustundu.

Að mati sambandsins þarf þó að gera frekari breytingar á lögnum með hliðsjón af reynslu sveitarfélaga síðasta árið og hlutverki þeirra við neyðarstjórn. Hafa sveitarfélög m.a. bent á að nauðsynlegt sé að skerpa á hlutverki þeirra í lögnum enda mikilvægt fyrir fumlaus viðbrögð í almannavarnarástandi að hlutverk aðila séu skýr.

Í ljósi þess að stefnt er að heildarendurskoðun á lögnum er fullnægjandi að tillögur um breytingar á grunni reynslu sveitarfélaga séu hluti af þeirri heildarendurskoðun. Mikilvægt er þó að sambandið sé fullgildur þátttakandi í þeirri endurskoðunarvinnu en ekki eingöngu umsagnaraðili enda eru sveitarfélög einn af lykilaðilum í almannavörnum og bera ábyrgð á umsjón almannaþarna í héraði, í samvinnu við ríkisvaldið.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri